

18. september 2023



Drög að frumvarpi til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Atriði til að hafa í huga

- ❖ Nýrri stofnun er ætlað að fara með verkefni á tilteknum sviðum
- ❖ Framkvæmir átta tilgreind sérlög sem
- ❖ Stofnunin vinnur að markmiðum í sérlögum
- ❖ Svæðisbundið skipulag helst en ákveðin skref stigin í átt til samræmis
- ❖ Fjölgun starfa á landsbyggðinni
- ❖ Mikil tækifæri - samnýta þekkingu, innviði og gögn
- ❖ Markmiðið að koma á fót faglega sterkri stofnun sem starfar á breiðu sviði



Hlutverk

1. gr.

Hlutverk.

Náttúruverndar- og minjastofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.

Náttúruverndar- og minjastofnun fer með lögbundin verkefni á sviðum náttúruverndar og sjálfbærrar þróunar, menningarminja, friðlýstra svæða þ.m.t. þjóðgarða, vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að markmiðum þeirra laga sem hún starfar eftir og stefnu stjórnvalda á þeim málefnasviðum sem um ræðir. Auk þess sinnir stofnunin samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar sem og eftirliti á ofangreindum sviðum.



Verkefnin

2. gr.

Verkefni.

Náttúruverndar- og minjastofnun veitir ráðherra ráðgjöf við undirbúning laga, stjórnvaldsfyrirmæla og annarra verkefna á sviði náttúruverndar og minjavörslu. Stofnunin veitir einnig öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um málefni er varða hlutverk stofnunarinnar svo sem á vettvangi skipulagsmála.



Verkefni frh.

Önnur verkefni Náttúruverndar- og minjastofnunar koma fram í þeim lögum sem stofnunin starfar eftir, en þau eru helst:

- a. Undirbúningur friðlýsinga.
- b. Gerð og framfylgd stjórnunar- og verndaráætlana auk annarra áætlana og ráðstafana sem miða að verndun náttúru og menningarminja.
- c. Eftirlit með framfylgd laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.
- d. Ákvarðanir um útgáfu leyfa auk sambærilegrar stjórnsýslu.
- e. Setning og framkvæmd reglna um rannsóknir og skráningu á menningarminjum.



Verkefnin frh.

f. Framkvæma nauðsynlegar rannsóknir á menningarminjum, svo sem neyðar- og könnunarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umgang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir, s.s. vegna minja í hættu.

g. Stjórnun, rekstur, uppbygging innviða og umsjón þjóðgarða og annarra náttúruverndarsvæða.

h. Stýring á sjálfbærri umgengni um náttúru- og menningarminjar, m.a. með setningu og framkvæmd reglna þar að lútandi.

i. Fræðsla, söfnun upplýsinga, þ.m.t. skráning fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, sem og miðlun upplýsinga.

j. Veiðistjórnun.



Forstjóri (3. gr.)

Ráðherra skipar forstjóra Náttúruverndar- og minjastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Forstjóri ber ábyrgð á stjórnun og starfsemi Náttúruverndar- og minjastofnunar og annast rekstur hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á:

- a. að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og stefnu stjórnvalda,
- b. fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi,
- c. að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt og í samræmi við ársáætlun, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárveitingar og gerð ársáætlunar fyrir stofnunina í heild, þ.m.t. fyrir þjóðgarða að fenginni tillögu stjórna þeirra og eftir atvikum svæðisráða,



Forstjóri frh.

d. ráðningu starfsfólks og fer með yfirstjórn starfsmannamála.

Forstjóri gerir ráðningarsamninga við starfsmenn stofnunarinnar. Ráðning þjóðgarðsvarðar skal ákveðin að fenginni umsögn viðkomandi þjóðgarðsstjórnar.

Ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við Náttúruverndar- og minjastofnun, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar, þ.m.t. staðsetningu starfsstöðva hennar með það að markmiði að fjölga störfum á landsbyggðinni.



Svæðisbundin málefni (4. gr.)

Náttúruverndar- og minjastofnun fer með svæðisbundin málefni meðal annars með starfsemi eftirtalinna nefnda, stjórna og ráða sem skipaðar eru af ráðherra og starfa á vettvangi stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum laga þar um:

- a. Þingvallanefnd,
- b. svæðisstjórn og svæðisráða Vatnajökulshjóðgarðs og
- c. þjóðgarðsráða og svæðisstjórna sem starfa skv. náttúruverndarlögum.

Minjaráð eru Náttúruverndar- og minjastofnun til stuðnings og eru samráðsvettvangur um nýtingu minja á hverju svæði í þágu samfélagsins. Sama gildir um samvinnu stofnunarinnar og Breiðafjarðarnefndar sem starfar á grundvelli laga um vernd Breiðafjarðar.



Svæðisbundin málefni frh.

Um aðra svæðisbundna samvinnu Náttúruverndar- og minjastofnunar fer skv. ákvæðum sérлага og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.

Náttúruverndar- og minjastofnun skal stuðla að því að svæðisbundið skipulag stjórnunar og verndar sé skilvirkt og samhæft í þágu þeirra markmiða sem að er stefnt. Tryggt skal að svæðisbundnar ráðstafanir eða ráðstafanir sem varða einstakar minja og jarðmyndanir séu ákveðnar í samráði við hlutaðeigandi stofnanir og aðra opinbera aðila sem starfa á landsvísu.



Gildistaka o.fl. (5. gr. og ákv. til brb.)

Lögin taka strax gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2025. Samhliða því að lögin koma til framkvæmda tekur Náttúruverndar- og minjastofnun við lögformlegu hlutverki sínu. Á sama tíma og lögin koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er ráðherra heimilt að skipa forstjóra Náttúruverndar- og minjastofnunar við gildistöku laga þessara og skal hann vinna með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að undirbúningi að framkvæmd laganna, þ.m.t. ráðningu starfsfólks.



Ákvæði til til bráðabirgða frh.

1. Starfsfólk stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Náttúruverndar- og minjastofnun samkvæmt lögum þessum þegar viðkomandi stofnanir verða lagðar niður, skal eiga forgangsrétt til starfa í Náttúruverndar- og minjastofnun þegar hún tekur til starfa. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

[...]

3. Skipun minjaráða, Þingvallanefndar, stjórnar og svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs, Breiðafjarðarnefndar og þjóðgarðsráðs fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð heldur gildi sínu út tilgreindan skipunartíma. Sama gildir um skipun fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar.

4. Við gildistöku laga þessara tekur tekur Náttúruverndar- og minjastofnun yfir réttindi, eignir og skuldbindingar húsafriðunarsjóðs og fornminjasjóðs. Ákvarðanir sem teknar hafa verið á grundvelli X. kafla laga um menningarminjar halda gildi sínu.



Breytingar á öðrum lögum

Fyrst og fremst breytingar á þeim átta sérlögum sem ný stofnun mun framkvæma þ.e.:

- ❖ um náttúruvernd nr. 60/2013,
- ❖ um menningarminjar nr. 80/2012,
- ❖ um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004,
- ❖ um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007,
- ❖ um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu lög nr. 97/2004,
- ❖ um vernd Breiðafjarðar lög nr. 54/1995,
- ❖ um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og
- ❖ um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011

Tilvísanir til Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands verða til nýrrar stofnunar - þjóðgarðarnir verða áfram til sem landfræðilega afmarkaðar einingar



Greinargerð

- Gerð grein fyrir sameiningarferlinu, tilefni og markmiðum
- Tilgreind öll sérlög og helstu verkefni
- Tilgreind helstu markmið